

Alþingi,
Allsherjarnefnd,
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum (þskj. 189 – 170. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem var lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009. SFF sendu viðskiptanefnd Alþingis umsögn um það mál, dags. 7. apríl 2009.

Samkvæmt frumvarpinu eru lagt til að bætt verði við skaðabótalög nýrri grein, 23. gr. a, þess efnis að réttur starfsmanns, sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu, til skaðabóta skuli ekki skerðast vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Sama regla gildir samkvæmt frumvarpinu um rétt þeirra sem misst hafa framfæranda, ef starfsmaður deyr af völdum tjónsatburðar.

SFF hafa ekki athugasemd við hugmyndina að baki frumvarpinu, þ.e. að tryggja betur stöðu starfsmanna sem verða fyrir líkamstjóni við vinnu sína.

Vakin er athygli á því að í greinargerð með frumvarpinu er ekki tekið skýrlega fram að með setningu ákvæðis um meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum sé ekki verið að leggja til neina breytingu á reglum um grundvöll ábyrgðar vinnuveitanda eða annars aðila sem kann að bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem starfsmaður verður fyrir í starfi sínu. Æskilegt er að þetta komi skýrt fram í lögskýringargögnum. Til að taka af allan hugsanlegan vafa í þessum efnum leggja SFF til að eftirfarandi athugasemd komi fram í nefndaráli.

„Til að taka af hugsanlegan vafa er með þessu frumvarpi ekki verið að leggja hlutlæga bótaábyrgð á vinnuveitendur eða aðra sem bera ábyrgð á líkamstjóni starfsmanns, heldur er eingöngu verið að mæla fyrir um reglur um meðábyrgð starfsmanns þegar ábyrgð vinnuveitenda eða annars aðila liggur fyrir.“

Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif lögfesting frumvarpsins mun hafa á fjárhæðir greiddra bóta til tjónþola vegna vinnuslysa. SFF eiga ekki tiltækar upplýsingar um fjölda þeirra tilvika þar sem gildandi reglur um sakarskiptingu hafa leitt til skerðingar bóta úr ábyrgðartryggingum vinnuveitenda vegna vinnuslysa vegna eigin sakar tjónþola.

SFF eru hvenær sem er reiðubúin að koma á fund nefndarinnars og skýra sjónarmið sín frekar, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

A handwritten signature in blue ink, reading "Helga Jónsdóttir".

Helga Jónsdóttir hdl.